



Nefndasvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 18. mars 2021

Meðfylgjandi er umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um hjúskaparlög (bann við barnahjónabandi). Þingskjal 432, 347. mál. (151. löggjafarþing)

Virðingarfyllt,
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir,
framkvæmdastjóri

Umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um hjúskaparlög (bann við barnahjónabandi).

Barnaheill þakka fyrir tækifærið sem þeim er veitt til að gera umsögn um ofangreint mál.

Samtökin fagna því að fram sé komin tillaga um að afnema undanþágu fyrir 18 ára aldurstakmarki fyrir að ganga í hjónaband. Með því eru gefin skýr skilaboð um að Ísland samþykki ekki barnahjónabönd sem stúlkur eru oft þvingaðar til. Barnahjónabönd eru meðal þeirra hefða sem að mati Barnaheilla þarf að afnema til verndar mannréttindum barna, sbr. 3. mgr. 24. gr. Barnasáttmálans.

Almennt séð er erfitt að ímynda sér í nútímasamfélagi að þörf gerist á því að veita börnum undanþágu frá 18 ára aldursmarkinu svo þau geti gengið í hjónaband, tímarnir hafa breyst og samfélagsviðhorfin líka. Samkvæmt upplýsingum frá Dómsmálaráðuneytinu voru veittar alls 18 undanþágur frá aldurskilyrðinu frá árinu 1998 til 2019, vegna barna á aldrinum 16-17 ára. Þar af voru 17 vegna stúlkna og 1 vegna drengs. Af þessum tölum má ráða að fjöldinn er ekki slíkur að réttlæti það að halda inni undanþágu frá 18 ára aldurskilyrðinu, sem gæti orðið til þess að barn yrði þvingað í hjónaband á Íslandi eða að hér á landi væri hægt að leita skjóls og samþykkis fyrir mögulegu nauðungarbarnahjónabandi.

Barnaheill taka að öðru leyti undir umsagnir Mannréttindaskrifstofu Íslands, UN Women og UNICEF á Íslandi um sama mál.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi vinna að bættum mannréttindum barna og leggja sérstaka áherslu á rétt barna til verndar gegn hvers kyns ofbeldi og misbeitingu eins og hann birtist í Barnasáttmálanum.

Til upplýsinga: Skýrsla Barnaheilla – Save the Children frá 2018: [Working Together To End Child Marriage.](#)